

**Nr. 19-031 S 021 Elín BA 58****Bilað stýri og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr.: 2657  
Útgerð: Skarfaklettur ehf.  
Smíðaður: Trefjar, 2005, trefjaplast.  
Stærð: 14,98 bt.  
Mesta lengd: 13,04 m Mesta lengd: 11,37 m  
Breidd: 3,75 m Breidd: 1,51 m  
Vél: Caterpillar 254 kW, 2005  
Fjöldi skipverja: 3



Elín©Hilmar Snorrason

**Gögn:**

Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 1. nóvember 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 13. mars 2019 var Elín BA 58 á línuveiðum um 20 sjómílur vestur af Sandgerði. Veður: A 12 m/s.

Á veiðunum missti báturinn stýri og stjórnhæfni. Óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Hannes Þ Hafstein dró bátinn til hafnar í Sandgerði

**Við rannsókn kom fram:**

- að stýristjakkurinn fór úr sambandi við stýrisblaðið. Hann var skrúfaður inn í bolta á stýrisblaðinu og róin losnaði;
- að ekki var hægt að stýra bátnum með hliðarskrúfunni vegna vinds;
- að báturinn var ekki með sérstakan neyðarstýribúnað heldur með rafdrifið jafnvægisstýri (flöpsum) óháð öðrum stýrisbúnaði sem er viðurkenndur búnaður af Samgöngustofu sem ígildi neyðarstýris;
- að skipstjórinn vissi ekki til þess að neyðarstýri væri á bátnum.

**Nefndarálit:**

Orsök atviksins var að ró á stýrisblaðinu losnaði.

**Sérstakar úbendingar:**

Nefndin beinir því til stjórnenda skipa að kynna sér til hlítar notkun og möguleika til neyðarstjórnunar.